

Fundarmenn:

Hörður Helgi Helgason (formaður) (HHH)

Aðalheiður Ámundadóttir (AÁ)

Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG)

Elísabet Pétursdóttir (ritari)

Sigríður Hallgrímsdóttir (SH)

Páll Þórhallsson (PÞ)

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir (ÞKG), þurfti að hverfa af fundi eftir 2. dagskrárlið

Fyrirliggjandi gögn:

Drög að fundargerðum frá fyrsta, öðrum og þriðja fundi, ásamt minnisblöðum AÁ (gagnageymd, höfundalög, uppljóstrarar og takmörkun ábyrgðar milliliða) og EÝG (rafrænt aðsetur).

1. Fundargerðir

- a. Fyrir fundinum lágu drög að fundargerðum fyrstu þriggja funda og hafði þar verið tekið tillit til tillagna sem höfðu borist að viðbótum og leiðréttingum. Fyrirliggjandi drög voru samþykkt samhliða.
- b. Fundargerðirnar verða vistaðar í möppunni „Um stýrihóp“ á Basecamp vefvinnusvæði stýrihópsins. Ekki er tæknilega hægt að gera Basecamp svæðið aðgengilegt almenningi og því verða gögn flutt þaðan á opið vefsæði þegar hópnum hefur áskotnast slíkt. Menntamálaráðuneytið og Rekstrarfélag stjórnarráðsins hafa ekki getað útvegað hópnum slíkt svæði.

2. Almennt um verkefnaáætlunina

- a. Hópurinn hefur ákveðið að vinna samhliða í eftirtöldum níu málum:
 - i. Vernd afhjúpenda – Þarf að styrkja frekar en nú er?
 - ii. Samskiptavernd og vernd milliliða – Gagnageymd og ábyrgð þeirra sem flytja gögn
 - iii. Málskostnaður í málum sem varða tjáningarfrelsi – Draga úr kælingu sem þetta veldur á tjáningu

4. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi stöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi
5. júní 2015, kl. 11-13

- iv. Fyrning meiðyrða – Fyrningarfrestur rofni ekki við hverja endurbirtingu
 - v. Meiðyrðamálaflakk – Fullnusta erlendra meiðyrðadóma hér á landi
 - vi. Rafræn staðfesta – Fyrir þá sem vilja njóta íslensks tjáningarfrelsis
 - vii. 233. gr. a íslenskra hegningarlaga – Er hægt að orða ákvæðið skiljanlegar?
 - viii. Afnám refsinga vegna ærumeiðinga
 - ix. Hatursorðræða – Ber að stemma stigu við henni?
- b. Stefnan er sett á að vera komin með drög eða útlínur fyrir lok sumars að þeim frumvörpum sem stýrihópurinn hyggst smíða.
- c. Til þess að það náist er mikilvægt að vinnan fari nú að færast á milli funda og að allir meðlimir stýrihópsins fari því að nýta sér Basecamp vefsetrið til að setja fram, rökræða og afgreiða tillögur sínar.

3. Vernd afhjúpenda

- a. Gögn frá AÁ eru komin inn á basecamp.
- b. Að mati AÁ er næsta skref að ákveða hvort við ætlum að bæta þeirri vinnu við störf þessa hóps að semja viðbótarfrumvarp um þetta efni.
- c. AÁ greinir frá því að hún hafi lent í vandræðum með að greina hvað stendur út af borðinu og hverju væri hægt að bæta við fyrirbyggjandi frumvörp.
- d. AÁ ræðir um að í tilmælum Evrópuráðsins er lögð áhersla á að kerfi í kringum viðfangsefni á borð við þetta sé byggt upp heildstætt.
- e. Tillaga AÁ er því að þetta verði skoðað heildstætt og vísar hún til þeirra atriða sem fram koma í framlögðu minnisblaði hennar (skjal s85).
- f. AÁ greinir frá því að hún átti sig ekki á þessari stundu alveg á umfangi þessa verkefnis. Til staðar þurfi að vera heildarlöggjöf á þessu sviði. Hún leggur til að stýrihópurinn semji frumvarp til laga sem fjalli um þá sem ætlað verði að taka við erindum (uppljóstrunum). Þar yrði þá vísað til heildarlaga um verndina. Þá þyrfti að setja undanþáguákvæði í önnur lög, t.d. almenn hgl. og höfundarréttarlög.

4. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi stöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi
5. júní 2015, kl. 11-13

- g. HHH kallar eftir hugmyndum um hvernig fundarmenn sjái aðkomu stýrihópsins að þessu þar sem engin heildarlöggjöf sé nú í gildi á þessu sviði.
- h. HHH bendir á umsögn Persónuverndar um frumvarp RM eins og það liggur fyrir á þinginu. Stofnunin gerði athugasemd við frumvarpið þegar það var lagt fyrir á síðasta þingi og gerir svipaðar athugasemdir nú. Ekki virðist í augsýn lausn sem mætir þeim athugasemdum.
- i. PP nefnir að fyrst þurfi hópurinn að setja niður vegvísi (roadmap) að því hvernig kerfi hann sjái fyrir sér. Eru heildarlög endilega svarið frekar en afmarkaðar breytingar í einstökum lögum?
- j. EÝG leggur til að skoðað verði að skipta viðfangsefninu upp í innri og ytri uppljóstrun, hið fyrrnefnda fyrir opinbera geirann en hið síðarnefnda fyrir einkamarkaðinn. EÝG telur auðveldara væri að byrja á opinbera geiranum. Þá værum við komin með verkefni sem væri viðráðanlegt.
- k. AÁ bendir á að fyrirliggjandi frumvarp RM sé þingmannafrumvarp (stjórnarandstöðufrumvarp) og eigi því erfiðara með að fá hljómgrunn en t.d. stjórnarfrumvörp.
- l. HHH tekur undir það sjónarmið en bendir á að þrátt fyrir að mikill samhugur hafi verið um afgreiðslu þingsályktunarinnar þá sé þessi stýrihópur samt í raun í svolítið líkri stöðu og almennur þingmaður - þ.e. að hann gengur ekki að einhverjum pólitískum stuðningi vísam með tillögur sínar.
- m. Spurningin er: Erum við með lausn á vandanum í sambandi við einkalífsverndina sem enginn hefur komið fram með áður?
- n. AÁ mun fyrir næsta fund semja grófar útlínur að því hvernig hún sér fyrirkomulag í þessu sambandi fyrir sér. Getum svo bútað það niður í smærri verkefni. Samþykkt að horfa á þetta út frá heildinni en ekki smærri mynd. AÁ skilar þessum vegvísi á sjötta fundi, 14. júlí.
- o. Elfa á eftir að skoða hvað ÖSE hefur birt um vernd uppljóstrara - hyggst einnig skila á 6. fundi.
- p. Bréf til forsætisráðherra: PP segir lítið vera í fyrirliggjandi frumvarpi sem lúti að uppljóstrun. Aðalefni þess sé að taka til í þagnarskylduákvæðum í

gildandi löggjöf. HHH spyr hvort það sé þá eftir einhverju að bíða hvað varðar bréfsendingu til ráðuneytisins. Hópurinn telur ekkert því til fyrirstöðu. Samþykkt samhljóða að bréfið verði póstlagt eftir fundinn.

4. Samskiptavernd og vernd milliliða

- a. Öll gögn sem AÁ ætlaði að senda stýrihópnum fyrir fundinn hafa borist á Basecamp vinnusvæði hópsins.
- b. HHH spyr hvað við ætlum að gera næst hvað þetta atriði varðar.
- c. AÁ telur 14. gr. um ábyrgð hýsingaraðila í lögum um rafræn viðskipti o.fl. ganga lengra en lagt er upp með í tilskipuninni.
- d. PP bendir á viðtal tekið af honum á árinu 2002 um þetta efni. Þar kemur fram að sú leið sem valin var hér hafi verið að norrænni fyrirmynd - jafnvel bandarískri. HHH bendir á að við ættum að skoða þennan norræna bakgrunn betur, sem og dómafordæmi.
- e. AÁ telur þetta verða fremur einfalt lagafrumvarp. Hún mundi vilja vinna smá forvinnu sjálf og verkstýra svo EP við að semja frumvarpsdrög. Hún ætlar að skoða dóma MDE (sjá to do lista á basecamp). AÁ og EP telja raunhæft að drögum að lagafrumvarpi verði skilað til hópsins fyrir fund sem haldinn verður 23. júní 2015.
- f. Í tilskipuninni er vísað til að umrædd ákvæði hennar þurfi að innleiða með hiðsjón af höfundaréttartilskipuninni. AÁ ætlar að kanna hvort í þeirri tilskipun séu ákvæði sem taka þurfi tillit til að þessu leyti, það er hvort hætta sé á að skert verði réttindi höfundaréttshafa með fyrirhuguðum lagabreytingum.
- g. Í 3. mgr. 42. gr. laga um fjarskipti er ákvæði sem er ekki lengur hluti af Evrópurétti, eftir að Evrópudómstóllinn felldi tilskipun um gagnageymd úr gildi. Tilskipunin hafði ekki farið í gegnum sameiginlegu EES-nefndina þegar hún var „innleidd“ hér á landi – og mun reyndar aldrei hafa farið þar í gegn.
- h. Álitaefnið er hvort stýrihópurinn semji frumvarp sem mæli fyrir um að þetta ákvæði verði fellt úr gildi.

4. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi stöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi
5. júní 2015, kl. 11-13

- i. AÁ myndi vilja leggja til að aðgangur lögreglu að þessum gögnum myndi lúta sömu skilyrðum og símhlustanir. Hún segir hafa orðið breytingu á þegar sakamálalög tóku gildi. EÝG spyr hvað stendur í greinargerð um þá breytingu. AÁ segir það vera óljóst hvers vegna efnisbreyting var gerð að þessu leyti frá áðurgildandi lögum um meðferð opinberra mála.
- j. AÁ bendir á að í fyrrnefndum dómi Evrópudómstólsins sé fjallað um að fyrir þurfi að liggja skilgreining á því hvenær sé um „alvarlegt“ brot að ræða.
- k. AÁ mun verkstýra EP í að búa til frumvarp. Fyrstu drög verða afhent 23. júní 2015. Það þarf að hafa samband við ÞKG og gera henni aðvart um þessi áform stýrihópsins þar sem málið er á málefnasviði IRR.

5. Málskostnaður í málum sem varða tjáningarfrelsi

- a. EÝG er ásamt formanni fjölmiðlanefndar að skrifa grein sem birtist fljótlega í tímariti Lögréttu. Í greininni er fjallað um mikilvægi faglegrar blaða- og fréttamennsku og það aðhald sem við veitum henni.
- b. PÞ: Dómarar hafa tilhneigingu til að fella niður málskostnað þannig að hvor málsaðili beri eigin kostnað. Bendir á að stefnandi hafi í hendi sér hvort stefnt verði undir áfrýjunarfjárhæð.
- c. Kemur eitthvað nýtt fram í námsritgerð Baldurs? PÞ segir ritgerðina áhugaverða en ekki komi fram áður órædd sjónarmið að þessu leyti. HHH og PÞ velta fyrir sér andstæðum sjónarmiðum um hvort hár málskostnaður skerði tjáningafrelsi í meiðyrðamálum frekar en önnur réttindi í öðrum málum.
- d. HHH og AÁ ræða um þinggjöldin en þau eru ólík í einkamálum og sakamálum/ einkarefsimálum. Málskostnaður verður almennt lægri í einkarefsimálum þar sem héraðsdómari sem er að einhverju leyti í eins konar "sakadómarahlutverki" heldur utan um málin. Það að flytja þetta frá sakamálaréttarari í einkamálaréttarfar kann því hugsanlega að leiða til þess að málskostnaður hækki.
- e. AÁ veltir fyrir sér hvort möguleiki sé á að fækka þessum málum með að færa þau á stjórnarsýslustig?

- f. EÝG bendir á að það er ekki sátt um siðareglur. Margar tilraunir hafa verið gerðar til að ná sáttum um þær en ekkert gengið. Þetta eru u.þ.b. tvö til fjögur mál á ári sem eru að fara í gegnum siðanefnd blaðamanna.
- g. Samantekt AÁ verður skilað 14. júlí 2015.
- h. Fyrri stýrihópur var búinn að leita afstöðu réttarfarsnefndar en fékk ekki formleg svör. Að sögn MM, fyrrum starfsmanns stýrihópsins, fengust aðeins munnleg svör við hinu eldra erindi hópsins.

6. Fyrning meiðyrða

- a. HHH veltir fyrir sér hvort það sé tilefni til að setja ex tuto ákvæði í íslensk lög um upphafspunkt þess að meiðyrði byrja að fyrnast.
- b. AÁ ætlar að skoða þetta atriði fyrir 6. fund sem haldinn verður 14. júlí nk. Hún bendir á að hægt væri að bæta upphafstíma fyrningar inn í 242. gr. alm. hgl.
- c. AÁ er líka að velta fyrir sér vernd gagnagrunna (liður í þingsályktuninni). Hún skoðaði 35. gr. fjölmiðlalaga í því sambandi. EÝG bendir á að praktísk vandkvæði við þetta ákvæði. Netmiðlar uppfæri fréttir án þess endilega að geyma upphaflegu útgáfuna. Þegar á reynir eru upphaflegu fréttirnar oft hvergi til nema einhver hafi tekið skjáskot.

7. Meiðyrðamálaflakk

- a. EÝG hefur þegar sent hópnum gögn um þróunina fram til 2012.
- b. Bretar munu nú vera búnir að setja löggjöf til að reyna að sporna við meiðyrðamálaflakki.
- c. Verkefnið liggur nú hjá EÝG. Hún skoðar breytingar frá 2012 og gerir hópnum grein fyrir þeim, ásamt að gera tillögu um framhaldið.

8. Rafræn staðfesta

- a. EÝG var búin að senda minnisblað með tölvupósti (skjal s83) en mun einnig setja það inn á basecamp vef stýrihópsins.
- b. EÝG staðfestir í tilefni af spurningu AÁ að umrædd ákvæði fjölmiðlalaga eigi aðeins við sjónvarpsstöðvar og miðla á borð við Netflix.

9. Afnám refsinga vegna ærumeiðinga

- a. EÝG mun verkstýra EP um samningu frumvarps. EÝG bendir á að það sé komið hryggjarstykki í greinargerð. Það þarf að upplýsa ÞKG um fyrirhugaða frumvarpssmið enda fellur það undir málefnasvið IRR.
- b. Fyrstu drögum að frumvarpi verður skilað á fundi 23. júní 2015.

10. Hatursorðræða

- a. Ekki gafst tími til að fjalla um þetta verkefni. EÝG hafði ætlað að taka saman minnisblað fyrir hópinn.

11. Næstu fundir

- a. Ákveðið var að halda eftirtalda fundi í stýrihópnum í sumar:
 - i. 5. fundur, 23. júní 2015 kl. 9-11.
 - ii. 6. fundur, 14. júlí 2015 kl. 9-11.
 - iii. 7. fundur, 12. ágúst 2015 kl. 9-11. Á þeim fundi verði dagskrá haustsins ákveðin en þá liggi vonandi framangreind lagafrumvörð fyrir í drögum.

Fundi slitið kl. 11:00.

Yfirlit yfir gögn sem lágu fyrir á fundinum:

Nr.	Skjal	Hvaðan fengið
s78	2015 Verkáætlun-útg 0_4.xlsx	2015-06-05 Á 4 fundi
s79	2015-04-28 Fyrsti fundur.docx	2015-06-05 Á 4 fundi
s80	2015-05-11 Annar fundur.docx	2015-06-05 Á 4 fundi
s81	2015-05-18 Þriðji fundur.docx	2015-06-05 Á 4 fundi
s82	Gagnageymd_þjóðaréttur og tillögur_AÁ_29.05.2015.pdf	2015-06-05 Á 4 fundi
s83	Minnisblað um hugmyndir um rafrænt aðsetur erlendra fjölmiðla á Íslandi.docx	2015-06-05 Á 4 fundi
s84	Stýrihópur_höfundalög_AÁ.pdf	2015-06-05 Á 4 fundi
s85	Stýrihópur_Uppljóstrarar_AÁ.pdf	2015-06-05 Á 4 fundi
s86	Takmörkuð ábyrgð milliliða_þjóðréttarlegar	2015-06-05 Á 4 fundi

*4. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi stöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi
5. júní 2015, kl. 11-13*

	skuldbindingar_AÁ_29.05.2015.pdf	
--	----------------------------------	--